

# Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á síðasta ári

Aðalfundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2013.  
Haldinn í Hörpu 29/4 2014.

Árið 2013 var um margt gott ár í Hörpu, gott ár fyrir viðskiptavinum og starfsfólk hússins og fyrir þá fjölmörgu sem sóttu sér þangað upplýftingu, skemmtun eða fróðleik. Alls komu 1.3 milljónir manna í húsið samkvæmt okkar teljumum sem er mikil aukning frá árinu 2012, þegar gestirnir losuðu eina milljón, en opunarárið voru þeir 420 þúsund. Um það bil fjórðungur gestanna kom til að fara á tónleika í húsinu, næstum jafn margir komu til að sækja fund, ráðstefnu eða veislu, en allir hinir komu til að njóta byggingarinnar, spjalla saman, fá sér kaffi og taka myndir. Sérstaklega fundum við fyrir mikilli aukningu í heimsóknum erlendra ferðamanna – það er ljóst að Harpa er orðin eitt af helstu kennileitum landsins; á sumrin koma jafn margir í húsið á dag og fara að skoða Gullfoss og Geysi þegar best lætur. Byggingin sjálf er listaverk, ekki síst í krafti glerhjúps Ólafs Elíassonar, og hún hlaut í fyrra ein virtustu byggingarlistarverðlaun heims, verðlaun Evrópusambandsins fyrir samtímabyggingarlist sem kennd eru við Mies van der Rohe. Verðlaunin voru afhent í Barcelona 7. júní, að viðstöddum arkitektum hússins, stjórnarformanni og forstjóra, auk fulltrúa mennta- og menningar-málaráðuneytis. Aðeins ein bygging á Norðurlöndum hefur áður hlotið þessi verðlaun, en það er Óperan í Osló. Haldið var upp á verðlaunin með sérstakri sýningu sem m.a. kom hingað í hús á seinni hluta síðasta árs og lauk með málþingi um byggingalist nú í janúar. Meðal þess áhrifafólks sem kom til Íslands í fyrra og óskaði sérstaklega eftir að skoða Hörpu má nefna Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Angel Gurria, framkvæmdastjóra OECD og Margréti Þórhildi Danadrottningu. Þess má geta að nokkrar bækur komu út um Hörpu í fyrra, þar af ein sem húsið átti aðild að og Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarmaður Hörpu, skrifaði.

Árið 2013 voru haldnir 489 listviðburðir í Hörpu, sem er mikil aukning, því þeir voru 387 árið 2012, og eru þá ekki taldir með ókeypis tónleikar í opnum rýmum hússins, t.d. í tengslum við Menningarnótt, 17. júní og Hátíð hafsins, sem eru allt mikilvægir viðburðir í Hörpu. Sem fyrr gegna fastir íbúar hússins þar lykilhlutverki, og þá einkum Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan sem héldu úti öflugri starfsemi í Hörpu í fyrra. En Harpa er heimili tónlistar af öllum gerðum og þannig hefur Stórsveit Reykjavíkur bæst í hóp fastra íbúa, og rokkhátíðirnar Iceland Airwaves og Sónar gegna hér stóru hlutverki. Á seinni hluta ársins var stofnað sérstakt félag um eigin viðburði Hörpu, Hörpustrengir, og stóð meðal annars fyrir þremur sýningum Pétursborgarballettsins á Svanavatninu við miklar vinsældir. Eigin viðburðir Hörpu eru fáir og valdir af kostgæfni út frá því viðmiði að leggja eitthvað til

menningarlífsins sem aðrir sinna ekki, en vera jafnframt ekki byrði á húsinu og þeir skiluðu umtalsverðum tekjum í fyrra.

Fimmtán alþjóðlegar ráðstefnur voru haldnar í Hörpu í fyrra, samanborið við tólf árið áður. Sumar af þeim voru mjög stórar, svo sem alþjóðleg ráðstefna tannréttingasérfræðinga og ráðstefna um Norðurslóðir. KPMG áætlaði að ráðstefnuhald í Hörpu í fyrra hafi skilað allt að 4.5 milljörðum í gjaldeyrstekjum í þjóðarbúið. Samkvæmt bókunarkerfi okkar er nýting á sölum Hörpu komin upp í 67%, miðað við leigudaga á ári. Í fyrra tókst enn fremur að ljúka við þrjú rými í Hörpu og útbúa þar góða funda- og veislusali; þar er annars vegar um að ræða Björtuloft, á 6. og 7. hæð í suðurhlið stærri byggingar Hörpu, og Háaloft á 8. hæð, þar sem aðalfundurinn er haldinn. Tekjur af ráðstefnum, fundum og veislum í húsinu í fyrra jukust um meira en þriðjung, rétt eins og fjöldi slíkra viðburða, en þeir voru 320 árið 2013, samanborið við 250 árið áður.

Rekstur Hörpu er sem fyrr erfiður og á enn langt í land með að verða sjálfbær. Erfiðasta hindrunin þar eru fasteignagjöld sem lögð eru á húsið, sem í fyrra námu tæpum 354 milljónum króna. Sátt náðist um það í stjórn Hörpu og meðal eigenda að láta reyna á það fyrir dómstólum hvort þessi álagning standist, en óvíst er hvenær það mál verður til lykta leitt. Meðan niðurstaða liggur ekki fyrir verður erfitt að segja hvenær markmið Hörpu um sjálfbærni í rekstri náist. Engu að síður náðust, með góðu framlagi starfsfólks og traustum stuðningi eigenda, nokkrir góðir áfangar í rekstrinum, eins og einnig má ráða af þeim ársreikningi sem hér liggur frammi. Þannig var 794 milljóna króna brúarláni eigenda breytt í stofnfé sem styrkir eiginfjárstöðu félagsins til muna; enn fremur var samið við eigendur um 160 milljóna króna framlag til rekstrarins í fjögur ár, meðan reynt er að fá botn í fasteignagjöldin og styrkja arðbæran rekstur í húsinu. Þess utan greiða eigendur 1 milljarð til hússins á árinu en hann fer alfarið í greiðslu af láni vegna byggingarinnar. Þetta lán var endurfjármagnað í fyrra með skuldabréfaútgáfu Landsbankans, en áður hafði sambankalán staðið að baki byggingunni. Skuldabréfaútgáfan gekk í gegn í lok apríl í fyrra og við það varð félaginu kleyft að fjármagna tap fyrstu árána og greiða niður allan yfirdrátt.

Fyrir rekstur hússins skiptir líka miklu að ESA, eftirlitsstofnun Evrópu, komst að þeirri niðurstöðu að fjármögnun ráðstefnuhalds í Hörpu bryti ekki í bága við reglur EFTA og hún gerði þar af leiðandi ekki athugasemdir við opinbert framlag til hússins. Þetta er mjög góð niðurstaða fyrir Hörpu.

Hér liggur frammi ársreikningur Hörpu, en það getur verið erfitt að átta sig á honum, því þar eru í einum reikningi helstu stærðir sem varða reksturinn í húsinu, en líka lánið sem hvílir á því og afborganir þess. Þannig verður stærsti liðurinn í gjöldum samstæðunnar reikningsleg stærð, þ.e. fjármagnsgjöld upp á 1.477 milljónir, sem hafa ekkert með reksturinn í húsinu að gera.

Á móti kemur að mikil hreyfing er komin á málefni fyrrum dótturfélags Hörpu, Síтусar, og er nú búið að selja flestar lóðir félagsins sem er í eigu ríkis og borgar í sömu hlutföllum og Harpa. Samkvæmt samkomulagi frá árinu 2009 fellur við það niður víkjandi lán LBI hf. Afskriftir vegna lána eru færðar sem tekjur í ársreikningi Hörpu upp á 1.300 milljónir sem gerir það að verkum að rekstur Hörpu er samkvæmt því að skila hagnaði sem nemur rúmum 170 milljónum króna og væri freistandi að benda á að þar með hafi orðið viðsnúningur í rekstri hússins upp á einn og hálfan milljarð eða svo. Slíkt er þó mjög villandi, því þessar reikningslegu stærðir skipta sannarlega miklu máli fyrir félagið en tengjast ekki rekstri hússins beint.

Ef horft er á það sem snýr að rekstri Hörpu sjálfrar, og litið burt frá fjármagnsgjöldum, afskriftum og opinberu framlagi til greiðslu byggingakostnaðar, skipta þessar stærðir mestu: Á síðasta ári jukust eigin tekjur Hörpu um 26% úr 644 milljónum króna í 873 skv. þeim samstæðureikningi sem hér liggur fyrir. Gjöld jukust einnig, eða um 175 milljónir en það þýðir að félagið bætti afkomu sína um 55 milljónir króna. Það er gott skref, en undir áætlunum og við þurfum að bæta okkur enn frekar á þessu ári. Tap af eiginlegum rekstri félagsins fer úr 585 milljónum árið 2012 í 360 milljónir núna að meðreiknuðu framlagi eigenda. Tapið er því jafn hátt fasteignagjöldum hússins eins og staðan er núna. Rekstrarframlag eigenda, 160 milljónir á ári, var hins vegar hugsað til að mæta fasteignagjöldunum að hluta, svo ef við tókum bæði framlag og fasteignagjöld út úr jöfnunni væri tapið sem næst 176 milljónum sem er það bil sem Harpa þarf að brúa svo reksturinn geti með einhverjum hætti kallast sjálfbær. Það myndi þó jafnframt þurfa að byggjast á því að skilið yrði á milli rekstrarins annars vegar og byggingarinnar sjálfrar og lánsins sem á henni hvílir og þeim skatti sem á hana er lagður hins vegar. Í framtíðinni mætti síðan hugsa sér að reksturinn yrði látinn greiða leigu í samræmi við afkomu, en slíkt fyrirkomulag er algengt hjá húsum af þessu tagi. Þetta eru allt hlutir sem stjórnendur, stjórn og eigendur munu þurfa að skoða í framtíðinni en reksturinn ætti hins vegar að vera tryggður þetta ár.

Sé horft á efnahagsreikning félagsins skila ráðstafanir síðasta árs sér þannig að eignir félagsins nema nú rösnum 21 milljarði, en skuldir losa 20 milljarða. Eigið fé fer úr 99 milljónum í einn milljarð og fimmtíu milljónir, en það styrkir auðvitað fjármagnsskipan félagsins.

Það er því margt í rekstri Hörpu sem hefur þokast í rétta átt á síðasta ári þótt mikið verk sé óunnið. En það má ekki verða til þess að við missum sjónar á þeim miklu verðmætum sem Harpa skilar inn í samfélag okkar, bæði með gjaldeyrstekjum af ráðstefnu- og tónleikahaldi, en ekki síst í huga og hjarta þeirra fjölmörgu sem sótt hafa viðburði í húsinu, eða bara haft ánægju af því að virða þetta mesta útilistaverk landsins fyrir sér, að innan sem utan.

**Halldór Guðmundsson, forstjóri.**